


Lokaskýrslur og seinni greiðsla

Þegar verkefni er lokið skal skila lokaskýrslu í gegnum umsóknarkerfið.

Eftir innskráningu er ýtt á „Yfirlit“.



Þá birtist umsókn eða umsóknir viðkomandi. Í línu umsóknar er píla lengst til hægri. Þegar ýtt er á hana birtist listi, á þessum lista er hægt að velja „Lokaskýrsla“.



Lokaskýrsla er útfyllt og fylgiskjöl hengd við sem viðhengi. Kvittanir eða yfirlit greiðslna úr heimabanka þarf að fylgja öllum aðkeyptum kostnaði við verkefnið.

Þegar lokaskýrslu hefur verið skilað er hún yfirfarin, ef engar athugasemdir eru við skýrsluna er hún samþykkt í kerfinu og seinni greiðslan greidd út.

Yfirferð lokaskýrslu getur tekið allt að mánuð. Greitt er úr kerfinu einu sinni í mánuði, en allar greiðslur sem berast fyrir tólfta hvers mánaðar eru greiddar þann fimmtánda.